



Fyrir karlmenn - Beinn endi

Vörunúmer MEDOR	Vörunúmer framleiðanda	Vöruheiti	Stærð	Lengd	Fjöldi í pakkningu
4431000	4431000	LoFric Origo Nelaton	10 CH	40 cm	30 stk.
4431200	4431200	LoFric Origo Nelaton	12 CH	40 cm	30 stk.
4431400	4431400	LoFric Origo Nelaton	14 CH	40 cm	30 stk.
4431600	4431600	LoFric Origo Nelaton	16 CH	40 cm	30 stk.
4431800	4431800	LoFric Origo Nelaton	18 CH	40 cm	30 stk.

Fyrir karlmenn - Boginn endi

Vörunúmer MEDOR	Vörunúmer framleiðanda	Vöruheiti	Stærð	Lengd	Fjöldi í pakkningu
4441000	4441000	LoFric Origo Tiemann	10 CH	40 cm	30 stk.
4441200	4441200	LoFric Origo Tiemann	12 CH	40 cm	30 stk.
4441400	4441400	LoFric Origo Tiemann	14 CH	40 cm	30 stk.
4441600	4441600	LoFric Origo Tiemann	16 CH	40 cm	30 stk.

Fyrir karlmenn - Beinn endi án vatns í

Vörunúmer MEDOR	Vörunúmer framleiðanda	Vöruheiti	Stærð	Lengd	Fjöldi í pakkningu
901000	4001000	LoFric Nelaton	10 CH	40 cm	30 stk.
901200	4001200	LoFric Nelaton	12 CH	40 cm	30 stk.
901400	4001400	LoFric Nelaton	14 CH	40 cm	30 stk.
901600	4001600	LoFric Nelaton	16 CH	40 cm	30 stk.

Fyrir karlmenn - Boginn endi án vatns


Vörunúmer MEDOR	Vörunúmer framleiðanda	Vöruheiti	Stærð	Lengd	Fjöldi í pakkningu
961200	4051200	LoFric Tieman	12 CH	40 cm	30 stk.
961400	4051400	LoFric Tieman	14 CH	40 cm	30 stk.
961600	4051600	LoFric Tieman	16 CH	40 cm	30 stk.
961800	4051800	LoFric Tieman	18 CH	40 cm	30 stk.



Pöntun og dreifing: Distica
 Pöntunarsími: 412 7520
sala@distica.is
www.distica.is


Leiðbeiningar fyrir karla

1. Þvoðu hendurnar vel með vatni og sápu. Stundum getur verið tilvinnandi að reyna að pissa fyrir ísetningu þvagleggsins.
2. Virkjaðu LoFric þvaglegginn.
3. Þvagleggur er tilbúinn til notkunar um leið og hann kemst í snertingu við vatn. Þræddu þvaglegginn upp eins fljótt og hægt er.
4. Komdu þér fyrir í þægilegri stellingu.




5. Dragðu forhúðina varlega aftur (ef þú ert með forhúð). Lyftu limnum upp í átt að kviðnum. Í þessari stellingu teygist á þvagrásinni og hún verður u-laga. Þetta auðveldar þræðingu þvagleggsins upp í þvagblöðruna.

Athugaðu! Ekki halda of fast um liminn, því þá er hættu á að þvagrásin klemmist saman.




6. Þræddu LoFric þvaglegginn hægt og rólega inn í þvagrásina og upp í þvagblöðruna, þangað til þvag byrjar að renna.

Athugaðu! Það getur auðveldað ísetningu þvagleggsins að hósta eða reyna að pissa.




7. Beindu limnum niður á við, þannig að neðra op þvagleggsins vísi niður í salernið, könnu eða tengdu legginn við þvaggpoka.

Athugaðu! Þegar þvag byrjar að renna skaltu reyna að halda þvagleggnum eins stöðugum og þú getur, því oft tekur dágóða stund að tæma þvagblöðruna.




8. Tæmdu þvagblöðruna alveg. Til þess að fyrirbyggja þvagfærasýkingu skaltu tryggja að þvagblaðran tæmist alveg í hvert skipti. Þegar þvagið hættir að renna er hugsanlegt að opið á þvagleggnum sé fyrir ofan yfirborð þvagsins í blöðrunni. Til þess að vera viss um að þú hafið tæmt þvagblöðruna alveg skaltu fjarlægja legginn hægt og rólega og stoppa ef þvag byrjar að renna og bíða síðan þangað til rennslið hefur stöðvast.



9. Þegar tæmingu þvagblöðrunnar er lokið skaltu lyfta limnum aftur í átt að kviðnum og draga síðan þvaglegginn rólega út.

Athugaðu! Klemmdu þvaglegginn eða brjóttu hann saman, til þess að síðustu droparnir leki ekki úr honum.



10. Þegar þessu er lokið skaltu þvo þér um hendurnar. Það má ekki leggja LoFric® á pappír eða tau, þar sem þessi efni eru rakadræg og soga í sig vatn úr yfirborðslaginu.

